

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, lóð Fjölbrautarskóla Suðurnesja.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 11. ágúst 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015 frá 28. mars 1996.

Breytingin felst í því að opið svæði til sérstakra nota, merkt Ú14 – verndað svæði, verður svæði fyrir stofnanir, vegna fjölgunar bílastæða á lóð Fjölbrautarskóla Suðurnesja.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 11. ágúst 2004.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*